

Föstudaginn 14. mars 1986.

Nr. 258/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Jósef Sumarliðasyni**

(Páll A. Pálsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. nóvember 1985 af hálfu ákærvalds til þyngingar, en ákærði vildi una dómnum. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. desember 1985.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur verið gerð sú krafa af hálfu ákærvalds að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju. Verjandi ákærða hefur mótmælt því að sú krafa nái fram að ganga.

Lagt hefur verið fyrir Hæstarétt fæðingarvottorð Karls Strand fyrirverandi yfirlæknis er sýnir að hann er fæddur 24. október 1911. Var því samkvæmt 4. tl. 9. gr. laga nr. 74/1974 óheimilt að kveðja hann til meðdómarastarfa í máli þessu hinn 31. júlí 1984. Af þeirri ástæðu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Það athugast ennfremur að ekki bar nauðsyn til þess að kveðja til meðdómendur í máli þessu.

Ákveða ber að áfrýjunarkostnaður sakarinnar skuli greiddur úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómorði.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. október 1985.**

Ár 1985, miðvikudaginn 9. október, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómar, dr. med. Karli Strand fv. yfirlækni og Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra, kveðinn upp dómur í máli nr. 552/1985: Ákærvaldið gegn Jósef Sumarliðasyni, sem tekið var til dóms hinn 12. fyrri mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 15. desember 1983, gegn ákærðum, Jósef Sumarliðasyni verkamanni, Norðurbrún 34 í Reykjavík, fæddum 10. maí 1949 í Keflavík.

## I.

Fyrir að hafa, er ákærði var gestur í íbúð ... við Hraunbæ í Reykjavík, aðfaranótt laugardagsins 4. júní 1983, reynt að hafa samfarir við stúlkuna X, fædda ... 1965, sem svaf ölvunarsvefni.

Telst þetta varða við 195. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

## II.

Fyrir að hafa, er ákærði var gestur í íbúð ... við Þórufell í Reykjavík, aðfaranótt laugardagsins 9. júlí 1983, reynt að hafa samræði við stúlkubarnið Y, fædda ... 1973, sem ákærði hafði gefið sterkt deyfilyf, að bróður stúlkunnar ..., fæddum ... 1971, ásjáandi.

Telst athæfi ákærða gagnvart stúlkunni varða við 1. mgr. 200. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga en gagnvart drengnum við 209. gr. sömu laga og við 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

## D ó m s o r ð:

Ákærður, Jósef Sumarliðason, sæti fangelsi 18 mánuði, en fresta skal fullustu 15 mánaða refsingarinnar og hún falla niður að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærður almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, skv. 4. gr. laga nr. 22, 1955. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. júlí til 14. september 1983 skal koma til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð kr. 10.000, en málið flutti af hálfu ákærvalds Egill Stephensen, fulltrúi ríkissaksóknara og málsvarnar- og réttargæslulaun Páls Arnórs Pálssonar, hæstaréttarlögmanns skipaðs verjanda síns kr. 25.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.